

Erindi varðandi dagforeldra heimili á Baugholtsróló

Við Andrea Atladóttir og Elín Ósk Einarsdóttir sendum hér með inn erindi varðandi að standsetja dagforeldraheimili á Baugholtsróló í Keflavík sem við tvær munum svo koma til með að starfa á. Við höfum athugað með húsnæði hjá Reykjanesbæ en þar sem það er ekkert húsnæði fyrir okkur að fá, þá er þetta okkar lausn.


Við höfum verið í sambandi við Húsasmiðjuna varðandi kaup á húsnæði og fundið hús sem er 52 fm og myndi henta best fyrir þessa starfsemi (reglur segja til um 3.5 fm lágmark á hvert barn). Planið er að vera með 5 börn hvor eða 10 börn samtals sem er hámarkið sem má vera með.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá starfsmönnum Reykjanesbæjar að þá skilst okkur að til að þetta gæti átt sér stað að þá þurfum við að fjárfesta í húsnæðinu sjálfar sem við erum tilbúnar að gera en förum fram á að Reykjanesbær geri undirstöður og tengingar klárt fyrir nýja húsið og allt sem þarf til að staðsetja húsið og hafa það nothæft á reit sem óskað er eftir á Baugholtsróló.

Við höfum síðan áform um að bílastæði yrðu útbúin beint fyrir framan þennan reit eða á þeim stað sem hentar best, og að útisvæði fyrir framan húsnæðið verði girt af.

Smá um húsið



Það er 52 fm og kemur fullbúið til okkar. Labbað er inn að framan fyrir miðju og eru 2 herbergi í því en stærra herbergið verður notað sem eldhús og kaffistofa og mun það koma þannig til okkar. Minna herbergið er hugsað sem róleg leikaðstaða bókahorn og fleira. Svo er það alrýmið sem er opið og bjart með gólfsíðum hornlugga. Fyrir utan húsið er svo smá pallur. Til að byrja með verða vagnar geymdir inni í endaherberginu en svo áætluð við að gera lítinn skúr við hlið húsinns til að hafa sem vagnageymslu.




<https://www.husa.is/netverslun/fullbuid-hus/52m-fullbuid-hus/?itemid=60600#>




BAUGHOLT 6A
2840 m²
GK=21




Norður



Vestur



Austur



Suður

Dagheimili á Baugholtsróló
Dags: 12/09/2024

